

Áhugakönnun:

HESTHÚSALÓÐIR Á KJÓAVÖLLUM

Garðabær lýsir eftir aðilum sem áhuga hafa á að sækja um lóðir undir hesthús á hesthúsasvæði Garðabæjar á Kjóavöllum.

Árið 2008 var staðfest nýtt deiliskipulag sameiginlegrar hesthúsabyggðar Garðabæjar og Kópavogs að Kjóavöllum. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 85 nýjum hesthúsalóðum í Garðabæ en fyrir eru 23 hesthús í Andvarahverfi. Reiknað er með að svæðið byggist upp í áföngum á næstu áratugum. Það ræðst af áhuga hvort um er að ræða úthlutanir lóða við götur í núverandi byggð eða nýjar götur í svokölluðu Rjúpnahæðarhverfi sem er á milli Andvarahverfis og Heimsendahverfis í Kópavogi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 15 húsum til viðbótar í Andvarahverfi og 70 húsum í Rjúpnahæðarhverfi.

Lágmarksgatnagerðargjöld ákvarðast af stærð byggingarreita húsa á eftirfarandi hátt.

Lágmarksgatnagerðargjald af lóð fyrir 180 fm hús	kr. 3.516.300
Lágmarksgatnagerðargjald af lóð fyrir 240 fm hús	kr. 4.688.400
Lágmarksgatnagerðargjald af lóð fyrir 300 fm hús	kr. 5.860.500
Lágmarksgatnagerðargjald af lóð fyrir 360 fm hús	kr. 7.032.600

Gera má ráð fyrir að byggingarréttargjald verði sem nemur einu gatnagerðargjaldi.

Ef niðurstaða áhugakönnunar verður jákvæð verður lóðum úthlutað til umsækjenda og gerður bindandi úthlutunarsamningur. Húsbyggjendum verður gert að ljúka við hús sín innan tilskilins tíma.

Áhugasamir skulu kynna sér deiliskipulag hesthúsabyggðar að Kjóavöllum og samþykkt nr. 958 frá 1. október 2008 um hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar. Gögn eru aðgengileg á vef Garðabæjar. Þeir sem áhuga hafa á að sækja um lóðir skulu fylla út eyðublað sem hægt er að nálgast á vef Garðabæjar og senda til Garðabæjar fyrir 20. febrúar 2009.

Nánari upplýsingar gefur skipulagsstjóri Garðabæjar í síma 525 8500.

Fyrirvari: Uppbygging er háð því að hægt verði að byggja öll hús við eina götu.

Bæjarstjórinn í Garðabæ